



Náttúrulega Reykjavík!

Aðgerðir 2026–2030



Aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni 2026–2030

Náttúrulega Reykjavík er aðgerðaáætlun Reykjavíkur um líffræðilega fjölbreytni 2026–2030 og tekur við af eldri áætlun. Henni er ætlað að innleiða markmið úr gildandi stefnu Reykjavíkurborgar um líffræðilega fjölbreytni og skiptist í 80 fjölbreyttar aðgerðir.

Stefnan skiptist í sex yfirmarkmið um:

1. **Að upplýsingar um líffræðilega fjölbreytni í Reykjavík séu skráðar og greindar.**
2. **Að búsvæði í borginni séu vernduð og þau efla.**
3. **Að unnið sé gegn helstu ógnum líffræðilegrar fjölbreytni.**
4. **Að fræðsla um líffræðilega fjölbreytni fari fram með víðtækum hætti.**
5. **Að lögð sé áhersla á líffræðilega fjölbreytni í allri starfsemi Reykjavíkurborgar.**
6. **Að borgin sé leiðandi á því sviði.**

Í áætluninni eru auk þess skilgreindar þær aðgerðir sem Reykjavíkurborg ætlar að innleiða úr Náttúruborgarsamningi Berlínar (Berlin Urban Nature Pact) sem Reykjavíkurborg undirritaði í október 2025. Þær eru auðkenndar sérstaklega í stefnunni.

Líffræðileg fjölbreytni og velferð hennar er með allra brýnustu umhverfismálum samtímans þar sem hún er undirstaða lífs okkar á jörðinni og mótar gjarnan bæði lífsgæði og hamingju, ekki síst í borgum þar sem náttúra getur verið af skornum skammti.



Hugtakið vísar til margbreytileika lífríkisins á öllum skipulagsstigum, allt frá einstaklingum og einstaka tegundum til samfélaga og vistkerfa. Reykvikingar deila borg sinni með ótal lífverum, allt frá álfum til hunangsflugna og birkitrjám til kuðungakrabba. Innan borgarmarkanna finnast mörg sérstæð, verðmæt og viðkvæm vistkerfi, leirur, fjörur og alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði; straumvötn með laxfiskum, mosavaxin hraun, fjalllendi og lundavarp í eyjum. Þar að auki er hið byggða umhverfi auðugt af lífi; syngjandi fuglum og gróskumiklum, skjólveitandi gróðri.

Án alls þessa væri borgin án efa fátækari og til mikils að vernda þau gæði.

Áætlunin var unnin af starfshópi skipuðum af sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs en hann hélt bæði vinnustofu um aðgerðirnar og óskaði eftir umsögnum um þær í samráðsgátt.

Í starfshópnum sátu:

- Benedikt Traustason, skrifstofu umhverfisgæða.
- Anna Kristín Einarsdóttir, skrifstofu framkvæmda- og fasteignaþjónustu.
- Britta Magdalena Ágústsdóttir, skrifstofu skipulags- og byggingarmála.
- Hjörtur Þorbjörnsson, Grasagarði Reykjavíkur.
- Marta Guðrún Daniélsdóttir, skrifstofu borgarlands.
- Þórólfur Jónsson, skrifstofu umhverfisgæða.





MARKMIÐ 1

Að upplýsingar um líffræðilega fjölbreytni í Reykjavík séu skráðar og greindar



Aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
1. Gerð verði vöktunaráætlun um lífríki í Reykjavík og framkvæmdar verði grunnrannsóknir í samræmi við hana. Fjallað verði um hvaða vistgerðir, tegundir og vistkerfisþætti skuli vakta, í hvaða tilgangi og hversu oft. Í vöktunaráætlun verði fjallað um lykiltegundir eða lykilbúsvæði, forgangsvistgerðir og breytingar á útbreiðslu framandi ágengra tegunda. Kannað verði hvort hægt sé að nýta athuganir íbúa til gagnaöflunar.	Skrifstofa umhverfisgæða	2026
2. Unnin verði samantekt á þeim rannsóknum og vöktunarverkefnum sem eiga sér stað í dag, hver annast þau og hvernig hægt er að nálgast niðurstöður þeirra.	Skrifstofa umhverfisgæða	2027
3. Gögn um líffræðilega fjölbreytni verði gerð aðgengilegri, bæði á vef og í borgarvefsjá (t.a.m. um mikilvæg svæði fyrir líffræðilega fjölbreytni, vistgerðir, sérstaka vernd náttúruminja, o.s.frv.). Skráning gagna og vistun rannsóknarskýrsla verði samræmd.	Skrifstofa umhverfisgæða	2027
4. Niðurstöðum rannsókna verði komið betur á framfæri, bæði innan og utan Reykjavíkurborgar við íbúa og starfsfólk.	Skrifstofa umhverfisgæða	Reglulegt
5. Götutré í borgarlandinu verði skráð í gagnagrunn ásamt lykilbreytum (s.s. tegund, aldur, heilsa). Skoðað verði að bæta skráningu beða, undirgróðurs og gróðurlenda sem þarf að vernda.	Skrifstofa borgarlandsins	2030
6. Gerðar verði rannsóknir og endurmat á áhrifum einstakra aðgerða í áætluninni, t.a.m. viljandi villt, endurheimtar votlendis og blágrænna ofanvatnslausna. Ástand svæða sé skráð áður en farið er í framkvæmdir.	Skrifstofa umhverfisgæða	Reglulegt



MARKMIÐ 2

Að staða líffræðilegrar fjölbreytni í borgarlandinu sé sterk

a VERNDUN

Aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
1. Þrjátíu prósent af borgarlandi Reykjavíkur verði vernduð t.a.m. með virkri hverfisvernd, vatnsvernd eða friðlýsingum (OECM viðmið verði notuð eins og kostur er). (2.2)	 Skrifstofa umhverfisgæða	2030
2. Fjara við Ægisíðu og Skerjafjörð verði friðlýst í samstarfi við hagaðila.	Skrifstofa umhverfisgæða	2030
3. Afmörkun núverandi hverfisverndarsvæða verði endurskoðuð í aðalskipulagi og unnir verði verndarskilmálar eða verndaráætlanir fyrir þau. Greint verði hvernig auka megi samstarf við íbúa á hverfisverndarsvæðum.	Deild aðalskipulags	2028
4. Unnin verði forgangsöröðun fyrir friðlýsingu nýrra verndarsvæða , m.a. með hliðsjón af verndargildi vistgerða í samstarfi við Náttúruverndar- og Náttúrfræðistofnun.	Skrifstofa umhverfisgæða	2030
5. Aðgengi við náttúruvættið Háubakka verði bætt í samstarfi við Náttúruverndarstofnun samhliða gerð nýs grunnskóla á Fleyvangi og endurgerð götu um Súðavog.	Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónustu	2030
6. Fyrri fundarstaðir plöntutegunda á valista og friðlýstra tegunda verði endurskráðir í samstarfi við Náttúrfræðistofnun.	Skrifstofa umhverfisgæða	2029
7. Grænir ásar og tengingar á milli búsvæða verði eflar í samræmi við Græna netið.	Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónustu	Reglulegt
8. Grænum tengingum milli svæða verði gert hærra undir höfði við skipulagsgerð. Gerðar verði greiningar á búsvæðatengingum í þéttbýli (2.3), t.d. við Hverfisskipulagsgerð.	 Skrifstofa skipulags- og byggingarmála	Reglulegt



MARKMIÐ 2

Að staða líffræðilegrar fjölbreytni í borgarlandinu sé sterk

b ENDURHEIMT

Aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
1. Gert verði endurmat á votlendisaðgerðum í Úlfarsárdal og gripið til frekari aðgerða eftir þörfum. Möguleikum til endurheimtar votlendis á öðrum svæðum verði forgangsraðað.	Skrifstofa umhverfisgæða	2029
2. Gerðar verði tilraunir með endurheimt búsvæða með strandgróðri þar sem sjór gengur á land.	Skrifstofa umhverfisgæða	2029
3. Strandsvæði Reykjavíkur verði kortlögð eftir verndargildi, raski og möguleikum til endurheimtar. Við hönnun sjóvarnargarða verði horft til þeirra búsvæða sem eru til staðar, náttúrumiðaðra lausna og möguleika endurheimtar.	Skrifstofa umhverfisgæða	2028
4. Gömul sláttusvæði verði endurhönnuð, gróðursett í þau eins og við á og upplýsingum um verkefnin miðlað.	Skrifstofa borgarlandsins	Reglulegt
5. Fyrri aðgerðum sem styðja við kríuvarp í Vatnsmýri verði fylgt eftir og gripið verði til aðgerða eftir þörfum.	Skrifstofa umhverfisgæða	Reglulegt
6. Möguleikar á aukinni ræktun birkiskóga á útmörkum verði skilgreindir í tengslum við Bonn-áskorunina. Samspil á milli stefnu um líffræðilega fjölbreytni og umhirðu útmerkur verði greint.	Skrifstofa borgarlandsins	2027




MARKMIÐ 2

Að staða líffræðilegrar fjölbreytni í borgarlandinu sé sterk

C FJÖLGUN OG EFLING BÚSVÆÐA

Aðgerðir




Aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
1. 3-30-300 reglan verði staðfærð fyrir íslenskar aðstæður og skilgreind verði markmið út frá henni fyrir Reykjavík. Íbúar búi í göngufjarlægð við græn svæði og ekki fjær en 300 m. (4.4)	 Deild aðalskipulags	2028
2. Gerð verði forgangsróðun fyrir fjölgun og eflingu grænna svæða í gróinni byggð.	Skrifstofa umhverfisgæða	2027
3. Grænum þökum og veggjum á byggingum og öðrum mannvirkjum verði fjölgað. Gerð verði greining á þeim grænu þökum og veggjum sem fyrir eru, fyrirmyndir dregnar fram og hvaða lærdóm megi draga af fyrri verkefnum.	Skrifstofa skipulags- og byggingarmála	2028
4. Notaður verði fjölbreyttur gróður í borgarrýminu , allt frá undirgróðri til götutrjáa, t.d. með notkun á klifurplöntum, runnum og fjölæringum. Notaður verði fjölbreyttur gróður á jaðarsvæðum t.d. umferðareyjum t.a.m. með tilraunum með úthagaþökur og mólendisgróður. Stutt verði við gróður sem fyrir er og notast við staðgróður þar sem við á. Forðast verði að nota ágengar tegundir.	Skrifstofa borgarlandsins	Reglulegt
5. Hólmum í Reykjavíkurtjörn verði fjölgað til þess að styrkja fuglalíf.	Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónustu	2026
6. Stutt verði við fuglalíf m.a. með aukinni gróðursetningu trjáa og runna sem mynda ber. Fuglahúsum og setpöllum á grænum svæðum verði fjölgað. Kannað verði hvort bæta megi við hólmum á tjörnum í borgarlandinu.	Skrifstofa borgarlandsins	Reglulegt



MARKMIÐ 2

Að staða líffræðilegrar fjölbreytni í borgarlandinu sé sterk

C FJÖLGUN OG EFLING BÚSVÆÐA



Aðgerðir		Ábyrgðaraðili	Tímarammi
7. Að lágmarki verði eitt tré í almenningsrýmum Reykjavíkur fyrir hverja sex íbúa. (4.1)		Skrifstofa umhverfisgæða	2030
8. Laufþekja verði að lágmarki 10% í hverju hverfi Reykjavíkur. Ekki verði notaðar ágengar tegundir til þess að ná því markmiði. (4.2)		Skrifstofa umhverfisgæða	2030
9. Gerðar verði leiðbeiningar um gróðursetningu og umhirðu götutrjáa. Dregið verði úr jarðvegsþjöppun í kringum tré í þéttbýli til að tryggja heilsu þeirra og eðlilegan vöxt. Gefnar verði út leiðbeiningar um framkvæmdir nærri götutrjám. (6.3)		Skrifstofa borgarlandsins	2027
10. Umhirða 25% grænna svæða í borgarlandinu verði á forsendum líffræðilegrar fjölbreytni (t.a.m. með minni lágmörkun á notkun skordýraeiturs, eflingu búsvæða fyrir frjóbera, hæfilegum grasslætti og notkun innlendra tegunda eftir föngum). (4.5) Hugað verði að búsvæðum ábyrgðartegunda, s.s. mófugla, eftir því sem við á.		Skrifstofa borgarlandsins	Reglulegt



MARKMIÐ 3

Að unnið sé gegn helstu ógnum líffræðilegrar fjölbreytni

a BÚSVÆÐAEYÐING

Aðgerðir		Ábyrgðaraðili	Tímarammi
1. Tryggt verði að græn svæði minnki ekki að flatarmáli innan þéttbýlis Reykjavíkur. Tryggt verði að gegndræpt yfirborð haldi þeim eiginleikum eins og kostur er. (6.2) Greind verði þróun á grænum svæðum á síðustu 20 árum.		Skrifstofa skipulags- og byggingarmála	2028
2. Reykjavíkurborg setji sér viðmið um mótvægisáðgerðir og um endurheimt svæða þegar nýtt land er brotið undir byggð á hennar vegum og verndun náttúrulegra svæða á byggingatíma. Gerðir verðir skýrir skilmálar á öllum stigum skipulags og á framkvæmdatíma (framkvæmdaleyfi, leyfi til nýtingar borgarlands og eftirlits- verklagsreglum).		Skrifstofa skipulags- og byggingarmála	2028
3. Við endurgerð gatna verði tryggt að þær fái grænna yfirbragð.		Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar	Reglulegt
4. Skilgreint verði verklag fyrir breytta notkun á grænum opnum svæðum. Til að tryggja að ekki verði gengið um of á græn svæði verði unnar verklagsreglur um afgreiðslu tillagna og beiðna um breytta notkun grænna opinna svæða. Þetta á t.a.m. við um verndarsvæði áa, strandlengju Reykjavíkur og svæði með mikilvægum gróðri.		Deild aðalskipulags	2027
5. Náttúrumiðuðum lausnum verði beitt við að draga úr jarðvegsrofi, t.a.m. með fjölgun götutrjáa, blágrænum lausnum, gegndræpu yfirborði og endurheimtaraðgerðum. (6.4)		Skrifstofa umhverfisgæða	Reglulegt



MARKMIÐ 3

Að unnið sé gegn helstu ógnum líffræðilegrar fjölbreytni

b MENGUN

Aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
1. Gerð verði greining á aðgerðum til að koma í veg fyrir efnamengun í Grafarvogi. Skoðað verði hvernig megi innleiða ofanvatnshreinsun samhliða uppbyggingu á Keldum.	Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur	2029
2. Áfram verði unnið að bættum vatnsgæðum Tjarnarinnar í samræmi við ICEWATER verkefnið.	Umhverfis- og skipulagssvið	Reglulegt
3. LjósMengun í Reykjavík verði kortlögð skv. aðgerðaáætlun fyrir ljósvistarstefnu og áhrif hennar á lífríki könnuð.	Skrifstofa umhverfisgæða	2030
4. Stuðningur við hreinsunaráttök, t.d. stóra plokkgagninn.	Skrifstofa borgarlandsins	Reglulegt
5. Greindir og innleiddir verði möguleikar á að nýta gróður við að draga úr loftmengun, t.a.m. við umferðaræðar.	Skrifstofa umhverfisgæða / Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur	2029



MARKMIÐ 3

Að unnið sé gegn helstu ógnum líffræðilegrar fjölbreytni

C ÁGENGAR TEGUNDIR

Aðgerðir		Ábyrgðaraðili	Tímarammi
1. Framandi ágengar tegundir í borgarlandinu verði skilgreindar og gripið til aðgerða gegn þeim í mikilvægisröð. Hafnar verði aðgerðir gegn helmingi tegundanna (2.5).		Skrifstofa umhverfisgæða	2028
2. Aflað verði gagna um mögulega ágengar tegundir og forðast að nota þær í borgarlandinu.		Skrifstofa umhverfisgæða	2029
3. Kortlagning tröllahvanna (<i>Heracleum</i>) í borgarlandinu haldi áfram.		Skrifstofa borgarlandsins	Reglulegt
4. Ágengum plöntutegundum (t.d. skógarkerfli og lúpínu) verði haldið í skefjum á forgangssvæðum, svo sem friðlýstum svæðum í Reykjavík í samstarfi við hagaðila. Tröllahvannir verði upprættar á forgangssvæðum (t.a.m. leiksvæðum) og eftir föngum annars staðar í borgarlandinu.		Skrifstofa umhverfisgæða	Reglulegt
5. Íbúar verði fræddir um ágengar tegundir í borgarlandinu og mögulegar aðgerðir gegn þeim. Reynt verði að virkja íbúa í baráttunni gegn ágengum tegundum. Greindir verði möguleikar á að deila gögnum til íbúa um útbreiðslu tegundanna.		Skrifstofa umhverfisgæða	Reglulegt
6. Hafnar verði aðgerðir gegn ágengum plöntutegundum í eyjum umhverfis Reykjavík t.a.m. með búfé.		Skrifstofa umhverfisgæða	2026
7. Stofnstærðarmat fyrir kanínur í borgarlandinu verði uppfært.		Skrifstofa umhverfisgæða	2028
8. Unnið verði að aukinni þekkingu á ágengum tegundum með kortlagningu á útbreiðslu þeirra og leiðum til þess að halda þeim í skefjum.		Skrifstofa umhverfisgæða	2029



MARKMIÐ 3

Að unnið sé gegn helstu ógnum líffræðilegrar fjölbreytni


d LOFTSLAGSBREYTINGAR

Aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
1. Árlega verði gróðursett 10.000 tré og runnar að meðaltali í samræmi við áskorun UNECE um Trees in Cities	Umhverfis- og skipulagssvið	Reglulegt
2. Við val á trjám, runnum og öðrum plöntutegundum verði loftslagsþol og fjölbreytni tegunda haft að leiðarljósi. Lögð verði áhersla á innlendar tegundir eins og við á. (4.3)	 Deild loftslagsmála / Skrifstofa borgarlandsins	Reglulegt
3. Blágrænar lausnir verði alltaf fyrsta val í nýrri byggð og uppbyggingarverkefnum eins og kveðið er á um í loftslagsborgarsamningi og aðalskipulagi. Náttúrumiðaðar lausnir verði innleiddar á uppbyggingarsvæðum við skipulagsgerð. (5.2)	 Skrifstofa skipulags- og byggingarmála	Reglulegt
4. Framkvæmt verði árangursmat á þeim svæðum þar sem blágrænar lausnir hafa verið settar upp.	Umhverfis- og skipulagssvið	2029
5. Aðgerðum sem vinna gegn loftslagsbreytingum og styðja við líffræðilega fjölbreytni verði forgangsraðað og unnið að betri tengingu loftslagsaðgerða og aðgerða sem styðja við líffræðilega fjölbreytni.	Deild loftslagsmála	Reglulegt
6. Greindar verða aðgerðir sem eru nauðsynlegar á strandsvæðum vegna hækkandi sjávarstöðu og aukinnar tíðni flóðaviðburða. Horft verði til náttúrumiðaðra lausna þar sem það á við.	Deild loftslagsmála	2028
7. Þróaðar verði skýrari leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð á strandsvæðum.	Skrifstofa skipulags- og byggingarmála	2028



MARKMIÐ 4

Að fræðsla um líffræðilega fjölbreytni fari fram með víðtækum hætti


Aðgerðir		Ábyrgðaraðili	Tímarammi
1. Gerð verði fræðslu- og menntaáætlun um líffræðilegan fjölbreytileika í samstarfi við skóla, háskóla og aðrar fræðslu- og menntastofnanir (t.d. söfn, grasagarða, dýragarða, frjáls félagasamtök og stofnanir á sviði náttúruverndar). (1.1)		Skrifstofa umhverfisgæða	Reglulegt
a. Haldnir verði árlegir fræðsluviðburðir fyrir íbúa þar sem líffræðileg fjölbreytni er á dagskrá, t.a.m. í tengslum við Hverfisskipulagsgerð.		Skrifstofa umhverfisgæða	Reglulegt
b. Grasagarður Reykjavíkur haldi úti fræðslu til almennings, skólabarna og nemenda á öllum skólastigum þar sem líffræðileg fjölbreytni er meginviðfangsefnið og tengt við umhverfismál í víðara samhengi.		Skrifstofa umhverfisgæða	Reglulegt
c. Reglulega verði birt myndbönd á vef Reykjavíkur og samfélagsmiðlum sem tengjast líffræðilegri fjölbreytni í borginni.		Umhverfis- og skipulagssvið	Reglulegt
d. Reykjavíkurborg veki athygli á alþjóðlegum degi um líffræðilega fjölbreytni og á öðrum umhverfisdögum.		Umhverfis- og skipulagssvið	Reglulegt
e. Starfsfólk Reykjavíkurborgar verði frætt árlega um líffræðilega fjölbreytni, t.d. með stefnumóti eða fræðsludögum.		Skrifstofa umhverfisgæða	Reglulegt
f. Samstarf við kennara og kennaranema verði aukið.		Umhverfis- og skipulagssvið	Reglulegt




MARKMIÐ 4

Að fræðsla um líffræðilega fjölbreytni fari fram með víðtækum hætti

Aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
2. Öll börn undir 15 ára aldri fá náttúrukennslu eða náttúruupplifun að lágmarki einu sinni á ári. Stutt verði við útikennslu og upplifun barna í náttúrunni. (1.2)	Umhverfis- og skipulagssvið	2027
3. Greindir verði möguleikar á að setja á fót umhverfisstyrki, t.a.m. í gegnum borgarsjóð fyrir aðgerðir íbúa sem styðja við líffræðilega fjölbreytni í nærumhverfi sínu.	Umhverfis- og skipulagssvið	2027
4. Grenndargörðum fyrir íbúa verði fjölgað. Sett verði á fót verkefni þar sem íbúar geta stutt við líffræðilega fjölbreytni í nærumhverfi sínu. Settur verði aukinn kraftur í viðhald núverandi grenndargarða. (7.4)	Skrifstofa skipulags- og byggingarmála	2029
5. Möguleikar til fuglaskoðunar verði eflir við strandlengjuna í samræmi við áætlun um haftengda upplifun.	Skrifstofa umhverfisgæða /Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar	2030



Að lögð sé áhersla á líffræðilega fjölbreytni í allri starfsemi Reykjavíkurborgar

Aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
1. Tryggt verði að fjárhagsáætlun hvers árs taki mið af stefnu um líffræðilega fjölbreytni og samþykktri aðgerðaáætlun.	Deild loftslagsmála	Reglulegt
2. Gefinn verði út nýr og uppfærður gátlisti um græna innviði í skipulagi fyrir skipulagsfulltrúa, hönnuði og uppbyggingaraðila. Gátlistinn verði innleiddur í innri ferla skipulagsfulltrúa. Umfjöllun um líffræðilega fjölbreytni verði eflid við gerð hverfis- og deiliskipulags.	Skrifstofa skipulags- og byggingarmála	2027
3. Við skipulagsgerð og þróun þéttbýlis Reykjavíkur verði hugað að líffræðilegri fjölbreytni, innleiddar verði hönnunarlausnir sem styðja við hana og stutt verði við innlendar tegundir eins og kostur er. (3.1)	 Skrifstofa skipulags- og byggingarmála	Reglulegt
4. Unnar verði deiliskipulagsáætlanir fyrir fleiri græn svæði, t.a.m. Úlfarsfell.	Skrifstofa skipulags- og byggingarmála	2030
5. Nýbyggingar hljóti umhverfsvottun og er sérstök áhersla lögð á að skóla- og leikskólabyggingar séu Svansvottaðar. Fyrir aðrar nýbyggingar er stefnt að umhverfsvottun (BREEAM eða Svanur) eins og kostur er.	Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónustu	Reglulegt
6. Skilgreindir verði árangursvísar fyrir aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni.	Skrifstofa umhverfisgæða	2027
7. Árangur stefnunnar og aðgerðaáætlunarinnar verði metinn og kynntur árlega.	Skrifstofa umhverfisgæða	Reglulegt
8. Stefna um líffræðilega fjölbreytni verði sett fram á aðgengilegri hátt.	Skrifstofa umhverfisgæða	2026



Að Reykjavík sé leiðandi í stefnu- og aðgerðamótun um líffræðilega fjölbreytni.

Aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
1. Reykjavíkurborg veiti öðrum sveitarfélögum stuðning við mótun stefnu um líffræðilega fjölbreytni. Reykjavíkurborg hafi frumkvæði að samstarfi um líffræðilega fjölbreytni á höfuðborgarsvæðinu í gegnum samstarfsvettvang SSH.	Umhverfis- og skipulagssvið	2028
2. Stutt verði við nýsköpunar- og rannsóknarverkefni, t.a.m. með innlendum háskólum. Rannsóknarverkefnum á sviði líffræðilegrar fjölbreytni í borgarlandinu verði fjölgað, t.a.m. með aðstoð við leiðbeiningu við lokaverkefni í háskólum.	Umhverfis- og skipulagssvið	Reglulegt
3. Tekið verði á móti nemum sem vinna að rannsóknarverkefnum sem styðja við starfsemi Reykjavíkurborgar og markmið stefnunnar, eins og svigrúm leyfir.	Umhverfis- og skipulagssvið	Reglulegt
4. Áframhaldandi þátttaka í alþjóðlegu samstarfi , t.a.m. með Berlin Urban Nature Pact, Cities for Nature, ICLEI, Trees in Cities og EuroCities.	Umhverfis- og skipulagssvið	Reglulegt
5. Grasagarður Reykjavíkur hafi samstarf við aðrar stofnanir þar sem líffræðileg fjölbreytni er rannsökuð.	Skrifstofa umhverfisgæða	Reglulegt



Útgefandi:
Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
2026

Vatnslitamyndir:
Viktoria Buzukina

Ljósmyndir:
Róbert Reynisson (bls. 5, 6, 7, 9, 11, 13)
Emil H. Valgeirsson (bls. 10)
Erling Ólafsson (bls. 13)
Ragnar Th Sigurðsson (bls. 7)
Snorri Sigurðsson (bls. 6)

Hönnun og umbrot:
Hvíta húsið



Reykjavík